



TÆKNIDEILD SNÆFELLSBÆJAR

Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ
Sími 436 - 6900
Fax 436 - 6688



UMSÓKN UM BYGGINGARLÓÐ

Ég undirritaður fer þess hér með á leit við bæjarráð að mér verði úthlutað lóðin nr. _____
við _____

þar sem ég hyggst byggja:

1. Húsgærd: _____

2. Áætluð stærð:(brúttóflatarmál): _____

3. Fjöldi hæða: _____

4. Byggingarefni: _____

Annað, sem umsækjandi vill taka fram: _____

REGLUR UM ÚTHLUTUN LÓÐA:

1. Innan eins mánaðar skal sá er fær lóð úthlutað, greiða til bæjarsjóðs Snæfellsbæjar upp í væntanleg gatnagerðar-, byggingarleyfis-, tengi-, mælingar-, úttektar- og heimtaugargjöld. Greiðsla skal miðuð við samþykka gjaldskrá bæjarins.

Endanleg álagning gjaldanna fer fram um leið og byggingarleyfið er veitt. Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar fyrr en samið hefur verið um álöggð gjöld.

2. Lóðarhafa er heimilt að skila lóð og skal þá endurgreiða honum gjöld þau sem áður hafa verið greidd. Heimilt er að fresta endurgreiðslu í allt að 12 mánuði eftir að lóð er skilað, gegn greiðslu almennra innlánsvaxta á innstæðu sem ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur.

Byggingarleyfisgjald er óendurkræft skv. byggingarlögum nr. 73/1997

3. Úthlutun lóða fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

a. Ef álöggð gjöld eru ekki greidd innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar.

b. Hafi byggingarteikningar af fyrirhugaðri byggingu ekki borist til byggingarfulltrúa innan 5 mánaða frá því lóð var úthlutað.

c. Hafi framkvæmdir ekki hafist eða verið óverulegar 15 mánuðum eftir úthlutun lóðar

4. Sé gatnagerðargjald eigi greitt innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar skal endurreikna það eftir þann tíma til samræmis við breytingar á kostnaði vísitöluhúss.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar, skal reikna gatnagerðargjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur til frádráttar.

5. Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum eða úthlutun fellur úr gildi af öðrum orsökum, skal bæjarsjóður endurgreiða gatnagerðargjald á því rúmmetragjaldi sem gildir þegar lóðarúthlutunin fellur úr gildi. Ákveði bæjarstjóður að fresta endurgreiðslu gjaldsins í allt að 12 mánuði skal inneign hvorki bera verðbætur eða vexti á þeim tíma. Bæjarsjóði skal heimilt að ákveða sér hæfilega þóknun fyrir þá þjónustu, sem veitt hefur verið áður en lóðarúthlutun féll úr gildi.

6. Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

7. Framkvæmdir á lóðinni eru háðar byggingar- og skipulagslögum, byggingar- og skipulagsreglugerð, skilmálum og ákvæðum, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar setur og fást afhent á skrifstofu tæknideildar Snæfellsbæjar.

8. Lóðaruppráttur og mæliblað verða afhent á skrifstofu gegn framvísun kvittunar fyrir fyrirframgreiðslu byggingargjalda. Með undirritun minni á umsókn þessa samþykki ég að hlýta ofangreindum reglum svo og þeim reglum, sem vísað er til.

Snæfellsbæ _____

Nafn _____ kt. _____

Heimili. _____

Sími. _____

Móttekið: _____

Athugasemdir: _____

Afgreiðsla bæjarráðs dags: _____